

Greinarýni – Einstaklingsverkefni 10%

Efnistöð:

- Veldu eina þeirra greina sem í boði eru, *sjá möppu í Moodle*.
- Í inngangi þarf að koma fram eftir hvern greinin er, hvar hún birtist, hvenær og hvert umfjöllunarefni hennar er. **(Ein efnisgrein)**
- Segðu frá efni greinarinnar í stuttu og skýru máli og hver niðurstaða höfundar er, *sjá leiðbeiningar um útdrátt í Moodle*. **(Ein efnisgrein)**
- Taktu svo afstöðu til þess sem þar kemur fram, ertu sammála/ósammála, fannst þér eitthvað skrýtið eða athyglisvert, er röksemdafærslu ábótavant o.s.frv. Reyndu að skoða viðfangsefnið frá mörgum hliðum og færðu rök fyrir máli þínu. Settu niðurstöðu þína fram í 1-3 málsgreinum í lokin. **(Ein til tvær efnisgreinar)**

Vísaðu í námsefnið eins og kostur er og notaðu þau hugtök sem við á hverju sinni. Þú getur vísað í aðrar heimildir ef þú vilt en þá þarftu líka að skila heimildaskrá og setja inn tilvitnanir og tilvísanir.

Frágangur:

Þetta er ekki formleg ritgerð en engu að síður þarf að gæta að uppsetningu.

- Hafðu upplýsingar um skóla, önn, heiti áfanga og nemanda efst í skjalinu.
- Notaðu skýrt letur (t.d. Arial eða Times New Roman) í leturstærð 12 og línubil 1,5 og hafðu textann jafnaðan til vinstri.
- Ekki nota kaflaheiti eða skrifa í 1. persónu.
- Aðgreindu inngang frá meginmáli með auðri línu.
- Vistaðu verkefnið sem pdf-skjal og skilaðu því í skilakassa í Moodle.